

Kópavogsbær

Menningarmál og umhverfismiðstöð

Verkefnatillaga

4. október 2022

Verkefnið



Metnaður Kópavogsbæjar er að veita íbúum framúrskarandi þjónustu á skilvirkan og hagkvæman máta.

Hluti af þeirri vegferð er að rýna rekstur og fyrirkomulag menningarmála (málaflokkur 05) og þjónustumiðstöðvar með það að markmiði að auka skilvirkni og leita hagræðingartækifæri.

Verkefnistillaga þessi er lögð fram til umræðu og frekari mótunar í kjölfar fundar bæjarstjóra og bæjarritara Kópavogsbæjar og KPMG.

Aðstoð KPMG

Verkefnatillaga KPMG byggist á eftirfarandi áföngum:


1. Greina núverandi stöðu - áskoranir og tækifæri.
2. Móta hugmyndir og valkosti fyrir mögulegar breytingar.
3. Skilgreina lykilverkefni og aðgerðir.
4. Aðstoða við innleiðingu og að festa árangur í sessi.

Nánari lýsing á þessum áföngum er á næstu síðu. Að auki mun KPMG styðja með almennum hætti stjórnendur sveitarfélagsins varðandi rekstur og stjórnsýslu eftir því sem óskað verði eftir hverju sinni.

KPMG leggur áherslu á nána samvinnu við fulltrúa Kópavogsbæjar og aðra hagaðila eftir því sem við á.



Áfangaskipt ferli – drög að nálgun



Nálgun og þóknun KPMG

KPMG aðstoðar Kópavogsbæ við verkferlið samanber hér að framan auk þess að vera til aðstoðar með aðra þætti eftir því sem stjórnendur bæjarins óska eftir og er í eðlilegu samhengi við markmið verkefnisins.

Reiknað er með að verkefnið hefjist strax eftir undirritun samnings. Unnið verður í áföngum og á reglubundnum samráðsfundum Kópavogsbæjar og KPMG er farið yfir stöðu vinnunnar og nálgun við næstu skref.

Þóknun KPMG verður byggð á tímagjaldi þeirra ráðgjafa sem að því koma. Áfangar 1 til 3 gætu unnist að mestu á tveimur mánuðum, en gert er ráð fyrir áfangaskilum. Vinna við áfanga 4 yrði í samræmi við óskir sveitarfélagsins og er ekki áætlaður kostnaður við þann áfanga. Ákveðin óvissa er um tíma m.a. vegna aðgengi að upplýsingum til að meta valkost.

Á þessu stigi er þóknun KPMG án vsk. áætluð eftirfarandi:

Áfangar 1 til 3 – áætluð þóknun 2,5 – 3 m.kr.

Ef umfang verksins vex eða ef upp koma atriði sem leiða til þess að fyrirsjáanlegt er að verkið fari fram úr því sem lagt er upp með í byrjun munu KPMG og verkkaupi ræða og semja um áhrif breyttra forsendna á þóknun KPMG.

KPMG er sveigjanlegt í nálgun og leggur áherslu á að verkið vinnist í nánú samstarfi við verkkaupa. KPMG mun ætíð hafa hagkvæmni og skilvirkni fyrir verkkaupa að leiðarljósi.

Tilboð þetta er sett fram með fyrirvara um viðunandi áhættumat verkefnisins í samræmi við gæðareglur KPMG. Endanleg ákvæði um framkvæmd verkefnisins verða í samningi milli aðila.



Um KPMG

Hvers vegna KPMG?

- Mikil reynsla af aðstoð við sveitarfélög, m.a. varðandi:
 - stefnumótun og árangur í rekstri
 - sjálfbærni
 - stafræna vegferð
 - hlíttni við lög og reglur
 - áhættustjórnun
- Vinnum náð með viðskiptavinum og stillum saman öfluga teymi sérfræðinga KPMG á ýmsum sviðum eftir þörfum hverju sinni
- Öflug greiningargeta og hæfni til að setja niðurstöður fram með skýrum hætti
- Fljót að komast að kjarnanum - áhersla á atriði sem skipta máli
- Þorum að hafa skoðanir og setja þær fram með rökstuddum hætti
- Skiljum eftir þekkingu og aðferðir auk þess sem við bjóðum öflug greiningartól og stuðning við innleiðingu á fjölbreyttum sviðum

280 starfsmenn hjá
KPMG á Íslandi

56 starfsmenn á
ráðgjafarsviði

2.000 KPMG ráðgjafar
á Norðurlöndum



2020 Partner of the Year Winner
Global SI Digital Transformation Award
2020 Partner of the Year Finalist
Advisory Services Award



Stafræn vegferð



Árangur í rekstri



Hlíttni við lög og
reglugerðir



Sjálfbærni



Áhætta og varnir



KPMG

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



©2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.